

Félag aldraðra í Mosfellsbæ og nágrenni. FaMos. Skýrsla stjórnar starfsárið 2016-2017.

Síðasti aðalfundur var haldinn þ. 15. febrúar 2016, í Hlégarði Mosfellsbæ.

Um skipan stjórnar FaMos, eftir aðalfundinn 2016, skiptu stjórnarmenn með sér verkum, þannig:

Harald S Holsvik, formaður, (kjörinn sérstaklega til 2ja ára 2014 og 2016, situr áfram eitt ár enn).

Sara Elíasdóttir, varaformaður, (kjörin til 2j ára 2014 og 2016, situr áfram eitt ár enn).

Magnús Sigsteinsson, meðstjórnandi, (kjörinn til 2ja ára 2014 og 2016, situr áfram eitt ár enn).

Jón Þórður Jónsson, ritari, (kjörinn í tvö ár frá 2015). og

Pétur Guðmundsson, gjaldkeri, (kjörinn í tvö ár, frá 2015).

Varamenn: Úlfhildur Geirsdóttir, var kjörin 1. varamaður og **Snjólaug Sigurðardóttir** 2. varamaður.

Varamenn eru kjörnir til eins árs í senn á aðalfundum. En nýkjörin stjórn kys virkniröð varamanna.

Á tímabilinu frá síðasta aðalfundi, hefur stjórnin haldið samtals 10 stjórnarfundi. Fundir eru venjulega annan hvern miðvikudag, frá hausti til vors en ef tilefni eru ekki til staðar er þeim frestað.

Stjórnarstörf liggja yfirleitt niðri yfir sumarið.

Stjórn FaMos hefur nýlega haldið **samráðsfund** með hinum ýmsu **samstarfsnefndum og hópum** innan FaMos. En með breytingum á lögum félagsins, á síðasta aðalfundi, fellur það nú undir stjórn FaMos að finna fólk í starfsnefndir og hópa. En áður voru skýrslur nefnda og hópa ásamt kosningu inni í föstum dagskrárlíðum aðalfunda. Helstu sjónarmið og það sem efst er á baugi til frambúðar var til umræðu. Við í stjórn FaMos kunnum öllu þessu góða fólki innilegar þakkir fyrir göfugt og gott framlag fyrir FaMos. Óhætt er að fullyrða að ef ekki nyti við þessara nefnda og vinnuhópa, væri allt starf FaMos mjög mikið fábrotnara. Helstu nefndir og hópar eru sem hér segir en ég tilgreini viðkomandi nefnd og eða hóp ásamt formanni.

Ferðanefnd: Formaður; **Margrét Jakobína Ólafsdóttir**. **Íþróttanefnd:** Formaður; **Pétur Guðmundsson**. **Menningar- og skemmtinefnd:** Formaður; **Ingólfur Hrólffsson**. **Kaffinefnd:** Formaður; **S. Dinah Dunn**. **Spilanefnd:** Formaður; **Karl E. Loftsson**. **Leshringur:** Formaður; **Einar Halldórsson**. **Gönguhópur:** **Unnur Haraldsdóttir og Kristinn Breiðfjörð** sem hafa verið í forgöngu hjá hópnum. **Línudans:** **Kolbrún Jónsdóttir**. Fjöldi viðburða eins og **Gaman saman** og kór eldri borgara **Vorboðarnir**, **Úlfhildur Geirsdóttir**. Kíkt fyrir hornið, **Sara Elíasdóttir** eða hópferðir frá Eirhömrum eru einnig til staðar ásamt ótal námskeiðum í góðum tengslum við **Félagsstarfið**.

Eftir þennan aðalfund munum við birta á heimasíðu FaMos alla þátttakendur í nefndum og vinnuhópum ásamt því að öll nöfnin munu birtast á vef Mosfellsbæjar. Við munum einnig kappkosta að koma á stað Fréttabréfi eftir aðalfundinn með helstu upplýsingum um starfsemi félagsins fram til vors. Formenn helstu og virkustu nefnda innan FaMos munu koma á framfæri hér síðar á dagskránni, yfirliti um störf viðkomandi nefndar.

Félagsstarfið að Eirhömrum:

Síðast liðið ár eins og fyrri ár, höfum átt alveg sérstaklega góða samvinnu við **Elvu Björgu** og hennar aðstoðarleiðbenendur, **Stefaníu**, **Guðbjörgu og Kristínu Helgu**. Það sama á við um allt starfsfólk **Eirhamra og Hamra**, sérstaklega forstöðukonuna **Valgerði Magnúsdóttur**. Fyrir hönd stjórnar FaMos þakka ég innilega hið góða samstarf. Eins og flestum er vel kunnugt sem eru með netföng eru fjölmörg námskeið og þjálfun ýmiskonar auglýst og eldri borgarar njóta þess alls í ríkum mæli.

Upplstur fyrir heimilsmenn **Eirhamra og Hamra:** Undanfarin ár, hefur **Sigurður Hreiðar** og fleiri, m.a. **Guðjón Jensson**, lesið upp úr ýmsum bókum og skáldritum fyrir heimilsmenn á Hömrum og Eirhömrum. **Birgir D. Sveinsson**, tók svo við keflinu af **Sigurði** og hefur annast upplstur vikulega

fyrir heimilisfólk Hamra að undanfögnu. Við, í stjórn FaMos, þökkum þessum ágætu mönnum göfugt og óeigingjarnt starf undanfarin ár fyrir okkar skjólstæðinga.

Um Öldungaráð Mosfellsbæjar: Skipulagsskrá Öldungaráðs var tekin fyrir og samþykkt í Bæjarráði Mosfellsbæjar þ. 5. feb. 2015. **Stjórn FaMos** skipaði eftirtalda í Öldungaráðið sem tók formlega til starfa og hélt sinn fyrsta fund **3ja júní 2015**. Tilnefnd í ráðið af hálfu FaMos eru:

Aðalmenn: **Harald S. Holsvik** og **Magnús Sigsteinsson**.

Varamenn: **Sara Elíasdóttir** og **Jón Þórður Jónsson**.

Kjörtímabil Öldungaráðs fylgir sveitarstjórnakosningum. Aðalmarkmið Öldungaráða er að vera ráðgefandi aðili og umræðuvettvangur milli sveitarstjórnar og aldraðra.

Öldungaráðið skipa einnig: Frá Mosfellsbæ, **Unnur V. Ingólfssdóttir**, framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs og **Kolbrún G. Þorsteinsdóttir**, bæjarfulltrúi en hún lét af störfum s. l. vor en í hennar stað kom **Theódór Kristjánsson**, bæjarfulltrúi. Sameiginlega tilnefndar af hálfu beggja aðila eru: **Svala Árnadóttir**, en varamaður hennar er **Jóhanna B. Magnúsdóttir**.

Á fundum **Öldungaráðsins** komu fram óskir um að endurnýja ætti sem allra fyrst, líkamsþjálfunarbúnað eða hluta hans að Eirhömrum. Kostnaður við slíka framkvæmd hleypur á miljónum króna. Nú fyrir stuttu varð þessi áætlun að veruleika. Mosfellsbær lagði út fyrir „Fjölpjálfa“ og samhliða kom Lionsklúbbur Mosfellsbæjar að málum og gáfu samhliða stórfengleg þrekþjálfunartæki, göngubretti og þrekhlól af nýrri gerð. Stjórn FaMos vill koma á framfæri innilegu þakklæti fyrir þessar góðu gjafir fyrir FaMos félag og eldri borgara í Mosfellsbæ.

Jafnframt er rétt að minna á fyrri áform **Öldungaráðs** Mosfellsbæjar um að auka þrýsting á stjórnvöld um að byggja fleiri hjúkrunarrými ofan á Hamra. FaMos mun minna áfram á nauðsyn þessa þarfa málefnis.

Um 85 ára og eldri: Á síðasta aðalfundi var einnig samþykkt að þeir sem verða 85 ára á viðkomandi almanaksári, verði gjaldfrjálsir eftirleiðis ævinnar. Á síðasta ári voru 20 félagar sem nutu gjaldfrélsis. En í ár verða þeir 30.

Formannafundur LEB, haldinn í Hlégarði 26. apríl s.l.

Fundurinn tókst þrýðilega en fundarstjóri var **Grétar Snær Hjartarson**, okkar maður. Helstu málefni fundarins voru, væntanlegar lagabreytingar á Almannatryggingalögum sem tóku gildi við síðustu áramót.

Landsfundur LEB, Landssambands eldri borgara:

Við **Magnús Sigsteinsson**, vorum kjörnir fulltrúar félagsins til setu á síðasta Landsfundi LEB sem haldinn var í Gullsmára, félagsheimili eldri borgara í Kópavogi, dagana 5. og 6. maí 2015.

Skrifstofa FaMos. Stjórnarmenn skipta á milli sín viðveru á skrifstofu á miðvikudögum kl. 15:00 til 16:00. En lokað er um sumartímam. **FaMos verður 15 ára** þ. 1. október n.k. Stjórnin mun skoða málið.

Með Ferðanefnd FaMos og Bændaferðum til Tíról.

Farin var skemmtiferð þ. 20. til 27. sept. s.l. til Tíról í Austurríki, ferðin heppnaðist mjög vel í alla staði og á Ferðanefnd FaMos, mikið þakklæti skilið fyrir vel unnin störf og skipulag í samstarfi við Bændaferðir.

Stjórn FaMos þakka ég fyrir gott samstarf s.l. þrjú ár. Ég hef nú lokið mínu fyrra ári af tveimur en eins og ég gat um fyrr, var ég kjörin til formennsku á síðasta aðalfundi til tveggja ára. Takka fyrir ómetanlega aðstoð ykkar allra og stuðning. **Lifið heil.**